

Viðurkenning þjónustuaðila og sérfræðinga sem veita atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum

Byggt á reglugerð nr. 730/2012

1. Kröfur til þeirra sem ætla að sækjast eftir að fá viðurkenningu sem sérfræðingar eða þjónustuaðilar

Í reglugerð nr. 730/2012 segir í 2. gr. að markmið reglugerðarinnar er að tryggja að viðurkenndir þjónustuaðilar og sérfræðingar hafi nauðsynlega færni til að sinna starfi sínu í því skyni að tryggja eins og frekast er gæði þeirrar þjónustu sem þeir veita atvinnurekendum.

Vinnueftirlit ríkisins hefur umsjón með mati á færni þeirra sem óska eftir að verða viðurkenndir þjónustuaðilar og sérfræðingar. Færni er metin á grundvelli menntunar og reynslu.

2. Skilyrði um þekkingu viðurkenndra þjónustuaðila

2.1 Heildstæð þjónusta

Til þess að fyrirtæki geti öðlast viðurkenningu Vinnueftirlitsins til að veita heildstæða þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum þarf það, skv. 1. mgr. 4.gr., að geta sýnt fram á fullnægjandi þekkingu að mati Vinnueftirlitsins á *heilbrigðissviði, í félagsvísindum, á tæknisviði eða öðrum sambærilegum sérsviðum* sem nauðsynleg er til að starfsmenn þess séu færir um að meta og bregðast við hættum eða hvers konar öðrum óþægindum vegna vinnuvistfræðilegra þátta, svo sem eðlisfræðilegra, efnafræðilegra, líffræðilegra og sálfræðilegra þátta.

Til að fullnægja kröfum um þekkingu á öllum framangreindum sviðum getur fyrirtæki sem hyggst veita heildstæða þjónustu annaðhvort:

- a) Ráðið til sín viðurkennda sérfræðinga skv. 5. gr.
- b) Gert samninga við viðurkennda sérfræðinga eða aðra þjónustuaðila skv. 6. gr.

2.2 Takmörkuð þjónusta

Fullnægi fyrirtæki ekki þeim skilyrðum um heildstæða þekkingu sem koma fram í lið 2.1 skal Vinnueftirlitið, skv. 3. mgr. 4. gr., takmarka viðurkenninguna við það/þau svið sérþekkingar sem er innan fyrirtækisins.

Sama gildir þegar einstaklingur starfar einn í fyrirtæki.

3. Skilyrði um þekkingu sérfræðinga

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- a) Viðurkenndur sérfræðingur þarf að geta sýnt fram á viðurkennda menntun á því sviði vinnuverndar sem hann hyggst starfa að, þ.e. innan heilbrigðissviðs, félagsvísindasvið eða tæknisviðs, sbr. reglugerð nr. 730/2012. Við mat á menntun er tekið mið af hæfniskröfum á viðkomandi sérsviði sem fram koma á heimasíðu Vinnueftirlitsins.
- b) Viðurkenndur sérfræðingur þarf að hafa sótt námskeið hjá Vinnueftirliti ríkisins eða hjá öðrum aðilum sem Vinnueftirlitið viðurkennir. Námskeið sem Vinnueftirlitið viðurkennir þurfa að uppfylla skilyrði sem fram koma í námsskrá Vinnueftirlitsins fyrir þjónustuaðila og sérfræðinga.

**Námskrá fyrir þjónustuaðila og sérfræðinga sem veita
atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og
heilbrigði á vinnustöðum**

Byggt á reglugerð nr. 730/2012

Efnisskrá:

- I. Markmið og undirmarkmið**
- II. Skipulag og innihald námskeiðs**
- III. Kennsluaðferðir**
- IV. Námsmat**

I. Markmið með námskeiði fyrir þjónustuaðila og sérfræðinga við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum

Meginmarkmið:

Námskeiðið veitir fræðslu um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum og um íslensk lög og reglur á sviði vinnuverndar. Jafnframt veitir námskeiðið þátttakendum þekkingu og þjálfun í gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

Námskeiðið er ætlað einstaklingum sem sækjast eftir viðurkenningu Vinnueftirlitsins til að starfa sem þjónustuaðili eða sérfræðingur sbr. reglugerð nr. 730/2012. Einstaklingar sem sækja námskeiðið hafa hlotið menntun á heilbrigðissviði, í félagsvísindum, á tæknisviði eða öðrum sambærilegum sérsviðum og hafa grunnþekkingu til að meta og bregðast við hættum eða hvers konar öðrum óþægindum vegna vinnuvistfræðilegra þátta, svo sem eðlisfræðilegra, efnafræðilegra, líffræðilegra og sálfræðilegra þátta í vinnuumhverfi. Námskeiðið byggir á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 (vinnuverndarlögunum) og reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Undirmarkmið:

1. Námskeiðið veitir þekkingu á vinnuverndarstarfi í fyrirtækjum
2. Námskeiðið veitir almenna þekkingu á áhættuþáttum í vinnuumhverfi, vinnuskipulagi og við framkvæmd vinnu
3. Námskeiðið veitir þekkingu á þeim lögum og reglugerðum sem ná til vinnuumhverfis, öryggis og heilbrigðis starfsfólks
4. Námskeiðið veitir þekkingu í forvörnum á vinnustað
5. Námskeiðið veitir þekkingu á hlutverki þjónustuaðila
6. Námskeiðið veitir þekkingu í gerð skriflegra áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum
7. Námskeiðið veitir sértæka þekkingu og þjálfun í gerð áhættumats á því sérsviði sem viðkomandi umsækjandi sækist eftir viðurkenningu á.

Nánar um undirmarkmið :

1. Námskeiðið veitir þekkingu á vinnuverndarstarfi í fyrirtækjum

Sérfræðingur:

- 1 a) Þekki skyldur og ábyrgð atvinnurekenda, stjórnenda og starfsmanna
- 1 b) Þekki hlutverk, réttindi og skyldur öryggistrúnaðarmanna, öryggisvarða og öryggisnefnda
- 1 c) Þekki hlutverk og starfsemi Vinnueftirlitsins

2. Námskeiðið veitir almenna þekkingu á áhættuþáttum í vinnuumhverfi, vinnuskipulagi og við framkvæmd vinnu

Sérfræðingur:

- 2 a) Þekki helstu áhættuþætti í vinnuumhverfi, sem geta valdið félagslegu og andlegu álagi, þekki birtingarmyndir þeirra og helstu reglugerðir á sviðinu.
- 2 b) Þekki helstu áhættuþætti í vinnuumhverfi, sem geta valdið álagi á hreyfi- og stoðkerfi, þekki birtingarmyndir þeirra og helstu reglugerðir á sviðinu.
- 2 c) Þekki helstu áhættuþætti í vinnuumhverfi tengdum umhverfisþáttum, þekki birtingarmyndir þeirra og helstu reglugerðir á sviðinu.
- 2 d) Þekki helstu áhættuþætti tengda efnum og efnanotkun, þekki birtingarmyndir þeirra og helstu reglugerðir á sviðinu.
- 2 e) Þekki helstu áhættuþætti varðandi vélar og tæki, þekki birtingarmyndir þeirra og helstu reglugerðir á sviðinu.
- 2 f) Þekki áhættuþætti og forvarnir vinnuslysa, hafi þekkingu á skráningar- og tilkynningaskyldu vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma eða atvinnutengdra sjúkdóma
- 2 g) Þekki áhættu í vinnuumhverfi ákveðinna starfshópa, t.d. ungra starfsmanna, starfsmanna með skerta starfsgetu, starfsfólk á barneignaraldri eða kvenna með barn á brjósti

3. Námskeiðið veitir þekkingu í þeim lögum og reglugerðum sem varða öryggi og heilbrigði starfsfólks

Sérfræðingur:

3 a) Þekki íslensku vinnuverndarlögin nr. 46/1980 og önnur lög sem varða vinnuumhverfi starfsmanna

3 b) Þekki íslenskar reglugerðir / reglur sem varða vinnuumhverfi starfsmanna

4. Námskeiðið veitir þekkingu í forvörnum

Sérfræðingur:

4 a) Geti greint á milli 1., 2. og 3. stigs forvarna

4 b) Geti greint á milli þess sem er lögbundið forvarnastarf og þess sem lýtur að heilsuefingu

4 c) Þekki helstu leiðir í forvörnum á vinnustöðum

5. Námskeiðið veitir þekkingu á hlutverki þjónustuaðila

Sérfræðingur:

5 a) Þekki hlutverk þjónustuaðila

5 b) Þekki hverjum þjónustuaðilar þjóna

5 c) Þekki hver er ábyrgð þjónustuaðila

6. Námskeiðið veitir þekkingu í gerð skriflegra áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum

6 Sérfræðingur þekki mismunandi aðferðir við gerð skriflegra áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustað

7. Námskeiðið veitir þekkingu í gerð áhættumats og áætlunar um heilsuvernd/forvarnir varðandi öryggi og heilbrigði á vinnustöðum

Sérfræðingur:

7 a) Þekki almennar aðferðir við áhættumat og gerð áætlunar um heilsuvernd og forvarnir og geti leiðbeint öðrum.

7 b) Þekki sértækar aðferðir við áhættumat og gerð áætlunar um heilsuvernd og forvarnir á því sérsviði sem viðkomandi umsækjandi sækist eftir viðurkenningu á.

II. Skipulag og innihald námskrár

Námskeiðið er haldið sem fjarnámskeið í gegnum fjarfundakerfi. Tímalengd námskeiðs er 32 kennslustundir sem dreifast yfir 2,5 vikur.

Þátttakendur taka þátt í tímasettri dagskrá ásamt því að hlusta á fyrirlestra, taka þátt í umræðum og stunda sjálfsnám á tímabilinu. Námsmat er gert með því að prófa úr almennum hluta námsins og þurfa nemendur að svara 80% af prófinu rétt til að standast það. Einnig vinnur nemandi sjálfstætt verkefni á því sviði sem hann sækist eftir viðurkenningu á.

Vika	Dagur	Námskeiðshluti
1. vika	Föstudagur	TEAMS-lota 1 – tímasett dagskrá: Kynning + almennur hluti
	Helgi	
2. vika	Mánudagur	Heimalota 1 – Almennur hluti: Skyldunámsefni
	Þriðjudagur	
	Miðvikudagur	
	Fimmtudagur	
	Föstudagur	Umræðufundur á TEAMS – hvernig gengur? Krossapróf
	Helgi	
3. vika	Mánudagur	Heimalota 2 – Sértek lota: Fyrirlestrar eftir sérsviði umsækjanda
	Þriðjudagur	
	Miðvikudagur	Umræðufundur á TEAMS – skipt eftir sérsviðum Verkefni hefst
	Fimmtudagur	Verkefni
	Föstudagur	
	Helgi	
4. vika	Mánudagur	TEAMS-lota 2: Kynning á verkefni

A. TEAMS-lota 1. Almenn kynning og yfirlit

1. vika: Tímasett dagskrá (4,8 kennslustundir)

1. Kynning á námskeiðinu (45 mín.)

2. Lög og helstu reglugerðir er lúta að vinnuvernd (70 mín.)

- a) Inngangur að vinnuverndarrétti
- b) Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- c) Önnur íslensk lög er varða vinnuvernd
- d) Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er varða vinnuvernd

3. Vinnueftirlitið – kynning (15 mín.)

- a) Hlutverk og verkefni
- b) Stefna Vinnueftirlitsins 2019-2023

4. Hlutverk og skyldur þjónustuaðila (45 mín.)

- a) Hvað er þjónustuaðili? (rg. nr. 730/2012)
- b) “Einkaréttur” til gerðar áhættumats (lög nr. 46/1980)
- c) Almenn um hlutverk og skyldur þjónustuaðila
- d) Samstarf þjónustuaðila og viðskiptavinar
- e) Siðareglur þjónustuaðila

5. Almenn kynning á áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað: Fyrri hluti (40 mín.)

- a) Markmið og tilgangur áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað (rg. nr. 920/2006)
- b) Kröfur við gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað
- c) Innihald skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað
- d) Endurskoðun áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað

B. HEIMA-lota 1. Skyldubundið námsefni

2. vika: Þátttakendur hlusta á fyrirlestra frá mánud.-fimmtud., krossapróf á föstud.

(13 kennslustundir)

1. Vinnuverndarstarf í fyrirtækjum (rg. nr. 920/2006) (45 mín.)

- a) Vinnuumhverfi og öryggismenning
- b) Skipulag vinnuverndarstarfs
- c) Störf öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna
- d) Ávinningur af vinnuverndarstarfi
- e) Fræðsluefni um vinnuvernd

2. Forvarnir og heilsuefling í vinnu (40 mín.)

- a) Forvarnir í vinnu og mismunandi stig forvarna
- b) Endurkoma til vinnu í kjölfar veikinda/slysa
- c) Lögbundið forvarnarstarf og annað forvarnar - og heilsueflingarstarf

3. Vinnuslys, atvinnusjúkdómar og tilkynningarskylda (60 mín.)

- a) Skilgreining vinnuslysa
- b) Áhættuþættir vinnuslysa
- c) Skráningarskylda vinnuslysa
- d) Skilgreining atvinnusjúkdóma
- e) Tilkynning vinnuslysa og atvinnusjúkdóma
- f) Slysátöfræði

4. Nánari umfjöllun um áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað (30 mín.)

Áætlun um öryggi og heilbrigði skoðuð nánar sem mikilvægt stjórnæki í fyrirtækjum.

- a) Nokkrir alþjóðlega viðurkenndir staðlar um áhættustjórnun skoðaðir. Sumir þessir staðlar eru gerðir til að nota við vottun stjórnkerfa fyrirtækja, en allir eru þeir góðir til leiðbeiningar um góða starfshætti við stjórnun vinnuverndar.
- b) Farið yfir mikilvægi öryggismenningar fyrirtækja og hún skoðuð sem grunnur að vilja og getu fyrirtækja til að hafa yfirsýn og stjórn á vinnuverndarmálum. Farið yfir almenna flokkun á stöðu öryggismenningar í fyrirtækjum og dæmi skoðað um verkfæri sem gæti hentað til að flokka fyrirtæki með tilliti til öryggismenningar.

5. Aðferðir við gerð áhættumats - almennt (80 mín.)

- a) Gerð áhættumats með hefðbundinni aðferð.
- b) Aðrar aðferðir við gerð áhættumats
- c) Áhættumat í upphafi verks - “Last minute risk assessment”
- d) Sérstakir áhættuhópar og önnur atriði sem sérstaklega þarf að huga að við gerð áhættumats.

6. Áhættuþættir – almenn kynning (200 mín.)

Áhættuþáttur	Tími	Lýsing
Efni og efnanotkun	40 mín.	Umfjöllun um helstu áhættuþætti í hverjum flokki og birtingarmyndir þeirra ásamt helstu reglugerðum á sviðinu.
Félagslegir þættir	40 mín.	
Hreyfi- og stoðkerfi	40 mín.	
Umhverfisþættir	40 mín.	
Inniloft		
Lýsing		
Hávaði – titringur		
Líffræðilegir skaðvaldar		
Rafsegulsvið		
Vélar og tæki	40 mín.	

7. Umræðutími á TEAMS með kennurum – staðan og spurningar nemenda? (60 mín.)
8. Krossapróf úr almennum hluta námskeiðs (60 mín.)

C. HEIMA-lota 2. Sértaekur hluti

3. vika: Þátttakendur hlusta á sértaeka fyrirlestra eftir sérsviði (oftast á einu neðan talinna sviða 1, 2, 3, 4 eða 5) frá mánud.-þriðjud., verkefni hefst á miðvikudegi.

(1,8-2,7 kennslustundir)

Farið er dýpra í áhættuþætti á hverju sérsviði, matsaðferðir við áhættumat kynntar ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem byggist á áhættumati. Jafnframt er farið nánar í þær reglugerðir og reglur sem gilda á hverju sérsviði.

1. Áhættumat fyrir efni – og efnanotkun (80 mín.)

- a) Kynning á reglugerðum
- b) Efnaáhættumat
- c) Mælingar og mengunarmörk
- d) Réttindi og leyfi, t.d. til sprengivinnu, flutninga á hættulegum efnum, vinnu með asbest og eiturefnaleyfi

2. Áhættumat fyrir félagslega og andlega áhættuþætti (80 mín.)

- a) Kynning á reglugerðum
- b) Félagslegir og andlegir áhættuþættir í vinnuumhverfi
- c) Ótilhlýðileg háttsemi í vinnu
- d) Gátlistar og vinnuumhverfisvísar VER

3. Áhættumat fyrir hreyfi- og stoðkerfi (80 mín.)

- a) Rannsóknir á vinnutengdum stoðkerfisvanda
- b) Reglugerðir
- c) Áhættumat hreyfi- og stoðkerfis
- d) Ýmsar aðferðir við gerð áhættumats og leiðbeiningar

4. Áhættumat fyrir umhverfisþætti (120 mín.)

- a) Kynning á reglum, reglugerðum og stöðlum
- b) Hávaði og lýsing
- c) Hiti, kuldi og raki
- d) Loftgæði

- e) Líffræðilegir skaðvaldar, t.d. mygla og veirusmit
- f) Titringsur
- g) Rafsegulsvið og rafmagn

5. Áhættumat fyrir vinnu tengda vélum og tækjum (80 mín.)

- a) Kynning á reglugerðum og stöðlum
- b) Verkfæri við gerð áhættumats vegna véla og tækja
- c) Búnaður undir þrýstingi, katlar, loft, gas, vatn o.fl.
- d) CE merking - Hvað þýðir það?

D. Verkefnislota. Heimaverkefni

(7,3 kennslustundir)

Undirbúningur – TEAMS-fundur með kennara (alls 60 mín.)

- a) Umræðutími – skipt eftir áhættuþáttum (40 mín.)
- b) Kynning á verkefni – undirbúningur verkefnis (20 mín.)

Sjálfstæð verkefnisvinna (alls 270 mín.)

- a) Undirbúningur verkefnis (60 mín.)
- b) Verkefni: Sérþækt áhættumat á vinnuaðstæðum skv. verkefnislýsingu (60 mín.)
- c) Úrvinnsla verkefnis: Niðurstöður áhættumats (90 mín.)
- d) Undirbúningur kynningar (60 mín.)

E. TEAMS-lota 2. Framlögn verkefnis

4. vika: Þátttakendur taka þátt í TEAMS-lotu á mánudegi fyrir hádegi, þar sem allir leggja fram verkefni sitt og taka þátt í umræðum.

(5,3 kennslustundir)

- a) Þátttakendur kynna niðurstöður verkefna sinna (5 klst.)
- b) Námskeiðslok (15 mín.)

III. Kennsluaðferðir

- 1) Námið byggist upp á fyrirlestrum og verkefnavinnu
- 2) Í kennslunni verður stuðst við lesefni og myndefni til að styðja við fyrirlestrana. Auk þess verður bent á annað gagnlegt efni á hverju sviði.

IV. Námsmat

- 1) Að kennslu lokinni verður þekking metin
 - a. með krossaprófi (1 klst.) sem byggir á fyrirlestrum og lesefni eftir atvikum
 - b. við framlögn verkefnis
- 2) Þátttökuskylda á námskeiðið er 100%
- 3) Nemandi þarf að ljúka krossaprófi með grunneinkunn 8.0.
Falli nemandi á prófi er heimilt að endurtaka prófið að 2 viknum liðnum.
- 4) Við framlögn verkefnis þarf nemandi að geta sýnt fram á að hann hafi eftirfarandi færni á því sérsviði sem hann sækist eftir viðurkenningu á:
 - a. Þekkingu og skilning á mikilvægum áhættuþáttum með tilliti til öryggis og heilsu á vinnustað
 - b. Aðferðum við áhættumat
 - c. Gerð áætlunar um heilsuvernd og forvarnir

Einkunnagjöf í verkefni er: Staðið – Ekki staðið